

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Askja

2018 – 2019



1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Nýjir stjórnendur tóku við í Öskju vorið 2017 og árið hefur einkennst af því að máta okkur öll við hvort annað. Skólaárið hefur gengið afar vel og mældist mikil ánægja bæði á meðal starfsfólks og foreldra í árlegum starfsmanna- og foreldrakönnunum sem lagðar eru fyrir á vorönn ár hvert. Strax var ákveðið að skerpa á Hjallastefnunni í starfi vetrarins. Við höfum unnið vel upp úr handbók Hjallastefnunnar þar sem meginreglur og kynjanámskrá Hjallastefnunnar voru rifjuð upp og skerpt á. Einnig var það mat stjórnenda að gefa þyrfti einingakubbum meiri sess í starfinu og við fengum Elvu Önundardóttur til okkar á starfsmannafund til að fræða okkur um þann frábæra efnivið og stefnan hjá starfsmannahópnum er að heimsækja New York vorið 2019 til að kynnast þeim enn betur. Við bættum aðeins við efniviðinn okkar og fengum holukubba (Hollow blocks) á miðju skólaári og þeir prýða nú miðrýmið okkar og njóta mikilla vinsælda. Þessi efniviður fellur afar vel að þeim opna efnivið sem fyrir er í skólanum og Hjallastefnan aðhyllist.

Kynjanámskrá og meginreglur Hjallastefnunnar eru leiðarljós okkar alla daga.

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, vísýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Allir nemendur Öskju fá enskukennslu í lotum. Enskukennari heimsækir skólann eina viku í mánuði og hittir öll börn, í mislangan tíma eftir aldri. Á yngri kjörnum hittir hún allan hópinn í einu í samverustund í 10-15 mín á dag en á eldri kjörnum tekur hún hvern hóp fyrir sig (fjórir hópar á hverjum kjarna) og er með innlögn. Eins skiptist hún á að vera með valfundi og á valtíma á eldri kjörnunum.

5 ára börnin okkar eru staðsett í Barnaskólahúsinu og fá því að fylgja vel eldri börnum sem þar starfa. Þau fara í íþróttastund í Valsheimilinu einu sinni í viku, fóru á sundnámskeið tvær vikur nú í vor og hafa tekið þátt í nokkrum smiðjum sem Barnaskólabörnum var boðið upp á eins og til dæmis smiðju um himingeiminn, heimilisfræði, smíðar og tónlist. Mörg fimm ára barnanna eru orðin læs enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur og eins hafa tölustafir verið lagðir markvisst inn.

Við fórum af stað í mjög spennandi verkefni á vorönninni um styttingu vinnuviku kennara. Þá er vinnuvikan styttn um 5 klukkustundir á viku fyrir 100% starf hjá öllu starfsfólki. Hjallastefnan hóf innleiðingu á verkefninu um áramótin 2017-2018 og við í Öskju höfum innleiðingu í mars og byrjuðum að vinna eftir nýju skipulagi og vöktum í byrjun apríl.

Helstu markmið með verkefninu eru:

- Að minnka álag á starfsfólk.
- Að fækka fjarvistum vegna veikinda.
- Að minnka skrepp starfsfólks á vinnutíma.
- Að minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála.
- Að minnka starfsmannaveltu.
- Að lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra.

2 Innra mat

Á nýliðnu skólaári voru eftirfarandi þættir teknir til skoðunar og metnir: stjórnun skólans, nýliðamóttaka og þjálfun, álag í starfi kennara, valkerfi Hjallastefnunnar, útisvæði, hópatímar og valskráning.

Stjórnun skólans:

- Metið af öllu starfsfólki skólans ásamt utanaðkomandi aðila.
- Spurningalisti og umræður.
- Stjórnandi fékk punkta og niðurstöður til að vinna úr.
- Punktar aftur metnir í starfsmannakönnun.
- Úrbætur:
 - Betra upplýsingaflæði.
 - Reglulegri fundir.
 - Góð yfirsýn.
 - Skjót úrlausn vandamála.

Við stjórnendaskipti s.l. sumar var ákveðið að meta stjórnun og hvað Öskjufólki þætti einkenna góðan stjórnanda. Þeir punktar sem aðallega bar á var að fólk vildi hafa gott skipulag og upplýsingaflæði, halda reglulega starfsmanna- og kjarnafundi, hafa góða yfirsýn, vera faglegur leiðtogi og leysa fljótt og vel úr þeim málum sem upp koma.

Það var einstaklega gott að fá þessa punkta sem nýr stjórnandi. Í starfsmannakönnun sem lögð var fyrir starfsfólk Öskju í febrúar 2018 voru niðurstöður í garð okkar stjórnenda skólans mjög jákvæðar. 91 % starfsfólks fannst unnið hratt og vel úr málum og 96% sögðu að stjórnun væri góð í skólanum. Stjórnun er metin í starfsmannakönnun á hverju skólaári og því hægt að fylgjast vel með þróun mála.

Nýliðamóttaka

- Metið af öllu starfsfólki skólans.
- Umræður og punktar skráðir niður.
- Hvað hefur verið gott og hvað þarf að bæta?
- Tveir fulltrúar starfsmanna unnu úr punktum.
- Þurfum að gera betur í nýliðabjálfun. Ákveðið að hafa “buddy system” þar sem hver nýliði á einn reyndan kennara sem leiðsagnaraðila. Kennarinn sér um að upplýsa nýliðann um það sem gott er að vita í upphafi starfsferil síns í Öskju, kynnir fyrir starfsfólki og hittir reglulega í samtal til að ræða það sem þarf.
- Ákveðið að vinna markvissara eftir nýliðaáætlun Hjallastefnunnar.

- Starfsmannahandbók Öskju var einnig unnin til að allar upplýsingar séu handhægar á einum stað.
- Verkefni aftur metið í október 2018.

Valkerfið

- Metið á vorönn 2018.
- Kennari skólans gerði rannsókn á upplifun barna af valkerfi Hjallastefnunnar út frá verkefnavinnu í leikskólakennaranámi sínu.
- Fram kom að börnin eru ánægð með valkerfið en finnst þau ekki hafa mikið um það að segja, heldur finnst þeim að kennarinn ráði alfarið ferðinni.
- Á komandi skólaári verður farið í að skoða hvernig við getum endurskoðað valkerfið þannig að börnin hafi meira um það að segja og að það verði lýðræðislegra.
- Málið verður tekið upp í skólastjórahópi Hjallastefnunnar á næsta skólaári.

Útisvæðið

- Metið af öllu starfsfólki skólans.
- Umræður á starfsmannafundi, punktar ásamt ábendingum úr starfsmannakönnun (sjá ytra mat).
- Kominn tími til að fara í lagfæringar á garðinum:
 - Þarf að laga hólinn og tyrfa upp á nýtt.
 - Laga niðurfallsból því garðurinn er oft á floti á veturna og ónothæfur.
 - Laga hlið.
 - Fá meiri tilbreytingu.
- Tveir skipulagsdagar notaðir, einn á hvorri önn.
- Kennarahópurinn smíðaði sullstöðvar, nýjan sandkassa, tónlistarhorn, snyrti garðinn, lagfærði hlið ofl.
- Hóllinn verður lagfærður í sumarlokuninni sem og athugað með niðurföll.
- Starfsmannahópurinn er afar ánægður með að hafa unnið sjálf í garðinum enda skapaðist mikil og skemmtileg stemmning og liðsheild. Nú er starfsfólk endalaust að snyrta og lagfæra það sem þarf ef það sér að eitthvað þarf að gera. Öllum þykir okkur vænna um garðinn okkar eftir þetta verkefni.

Valskráning

- Metið af öllum hópstjórum skólans.
- Val skráð tvisvar á dag allt skólaárið með forritinu Skólakerfi.is.
- Hver hópstjóri fer yfir valtalningu síns hóp og deilir með foreldrum í foreldraviðtölum.
- Hópstjórar geta unnið út frá þessum upplýsingum með sínum hópi, er eitthvað sem margir í hópnum velja alltaf? Hægt að nota hópátíma í að kynnst valefniviðnum og reyna að vekja meiri áhuga barnanna á því sem er ekki oft valið.
- Skoðað hvaða valsvæði eru óvinsælli en önnur og þau svæði gerð meira spennandi.
- Ætlum að senda út þessar upplýsingar mánaðarlega næsta skólaár.

Skráning á hópátímum

- Metið af öllum hópstjórum skólans.

- Farið yfir hópatímaskráningu mánaðarlega til að athuga fjölbreytni og innihald hópatíma.
- Hópatímar eru tvisvar á dag og hópstjóri skráir öll hópatímaverkefni á þar til gert hópatímablað ásamt hinum hópstjórum kjarnans. Þetta blað hangir í fataherbergi sýnilegt foreldrum til að fylgjast með hvað þeirra barn hefur verið að fást við yfir daginn.
- Hópstjórar gera reglulega hópatímatalningu þar sem þeir haka við hvaða þroskætti þeir hafa unnið með í hópatímum. Þessi skráning auðveldar hópstjórum að halda utan um þau verkefni sem gerð hafa verið og rýna í hvort unnið hafi verið að öllum þroskættum eða hvort eitthvað hafi orðið útundan og gefst þá tækifæri til að bæta úr þeim þáttum ef einhverjir hafa orðið útundan.
- Niðurstöður: Vinna markvissara með jóga og einingakubba. Við höfum séð á hópatímaskráningu nýliðins skólaárs að við vorum að standa okkur vel á flestum sviðum en vildum þó sjá meiri slökun og jóga í hópatímum. Því verður öllum börnum boðið upp á jóga næsta skólaár en einn kennari skólans er lærður barnajógakennari og mun taka að sér jógakennslu fyrir alla hópa. Einnig langar okkur að sjá markvissari vinnu með einingakubbana og er það markmið næsta skólaárs að lyfta þeim efnivið ennþá hærra. Við erum byrjuð en viljum taka það miklu lengra.

Foreldraviðtöl

- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar yfir skólaárið, einu sinni á önn.
- Hópstjórar fylla út fyrir hvert barn, spurninga- og tékklista um þroskætti og bæði félagslega- og einstaklings eiginleika barnsins.
- Þessi skráning fylgir barninu áfram á milli hópstjóra og á milli kjarna þannig að hópstjórinn getur metið hvaða framfarir barnið hefur tekið á milli viðtala.

2.1

Ekki koma upplýsingar frá innra mati hvers kjarna þetta árið. Ástæðan er sú að kjarnarnir vinna markvisst saman að hverri lotu í kynjanámskrá Hjallastefnunnar og stefna að sömu markmiðum. Allir kjarnar tóku þátt í því innra mati sem talið er upp hér að ofan og allt eru þetta málafni sem koma öllum kjörnum við.

Næsta haust munum við þó halda markvissar utan um það sem er að gerast á hverjum kjarna. Til dæmis eru börnin á kjörnunum okkar að yngjast og við þurfum að taka tillit til þess og meta hvernig okkur gengur að komast til móts við það. Eins ætlum við næsta haust að meta flutning barna á milli kjarna, aðlögun og hvar við erum stödd þar. Þessu verða gerð ítarlegri skil í starfsáætlun næsta skólaárs.

3 Ytra mat

Á hverju ári er gerð bæði starfsmanna og foreldrakönnun í öllum skólum Hjallastefnunnar. Með þessum könnunum fást mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til innra mats.

Starfsmannakönnun

- Lögð fyrir í mars 2018.
- Svarhlutfall 100%.
- Jákvætt:
 - Ánægja í starfi.

- Gefandi starf.
- Góður starfsandi.
- Börnunum líður vel.
- Stjórnun góð.
- Úrbætur:
 - Álagsstjórnun.
 - Fjarvistir.
 - Útisvæðið.

Skýring:

Starfsmannakönnunin kom vel út og eru 86% starfsmanna frekar eða mjög ánægð í starfi. Þá eru 96% frekar eða mjög sammála um að stjórnun sé góð í skólanum. Það kom fram mikil ánægja með styttingu vinnuvikunnar og flestir voru mjög sammála eða sammála um að börnunum líði vel í leikskólanum. Niðurstöður sýndu að fólk er almennt ánægt í starfi, finnst starfið gefandi og starfsandinn góður.

Þau úrbótaverkefni sem starfsfólk minntist á var álagsstjórnun og fjarvistir kennara. Þar kemur stytting vinnuvikunnar sterk inn því í starfsmannakönnuninni í ár var sérstaklega spurt um álag og streitu kennara. Þar kom í ljós að mjög margir upplifa streitu og mikið álag í starfi. Niðurstöðurnar ýttu því enn meira undir þá vissu að mikilvægt væri að fara af stað í þetta verkefni um styttingu vinnuvikunnar. Tveir skólar Hjallastefnunnar byrjuðu á verkefninu í janúar en Askja hóf leik í mars eftir góðan undirbúning. Bæði þurfti að breyta dagskipulaginu og svo vinnutíma starfsfólks. Eftir tvo mánuði var verkefnið metið þar sem starfsfólk í Öskju gaf verkefninu einkunnina 8.5. Þá voru nokkrir byrjunarörðugleikar sem við höfðum rekið okkur á eins og meira álag á morgnana og seinni partinn lagaðir með því að starfsfólk hagaði vöktunum sínum á annan hátt. Verkefnið hækkaði þá upp í 9. Við erum þó enn í þessu tilraunaverkefni og á komandi skólaári verður staðan endurmetin og fróðlegt verður að sjá niðurstöður næstu starfsmannakönnunar.

Foreldrakönnun

- Lögð fyrir í mars 2018.
- Svarhlutfall 80%.
- Jákvætt:
 - Upplifun einstök.
 - Starfsfólk, samskipti, móttaka og viðmót framúrskarandi.
 - Úrlausn stjórnenda til fyrirmyndar.
 - Maturinn frábær.
 - Mikil ánægja með Karellen.
- Úrbætur:
 - Skipulagsdagar í meiri samfellu.
 - Tíð starfsmannaskipti á haustönn.
 - Óreiða í fataklefum og týnd föt.

Skýring:

Foreldrakönnunin er send til foreldra með tölvupósti og niðurstöðurnar nýttar til að sjá hvað við erum að gera vel og laga það sem betur mætti fara. Eins fæst með þessum könnunum aukið samstarf og samvinna milli heimilis og leikskóla. Þannig byggjum við upp samfélag þar sem foreldrar og starfsfólk vinnur að sameiginlegum hag barnanna. Niðurstöður foreldrakönnunar voru almennt jákvæðar í

garð leikskólans, t.d. voru 93% aðspurðra frekar eða mjög sammála um að vel sé tekið á móti börnunum þegar þau koma að morgni í leikskólann. Í samantektinni kom fram að foreldrar eru ánægðir með viðmót og samskipti starfsfólks skólans og úrlausn stjórnenda úr málum sem upp koma til fyrirmyndar. Þá var sérstaklega minnst á vandaðan og góðan mat sem boðið er upp á í skólanum og eins nefndu foreldrar að þeir séu ánægðir með upplýsingarnar sem þeir nálgast í gegnum Karellen smáforritið.

Við fengum ábendingar um að foreldrar kjósa að hafa skipulagsdaga í meiri samfellu en einnig að tíð starfsmannaskipti á haustönn væru neikvæð. Þá komu ábendingar um að föt týndust gjarnan í fataherbergjum. Við ætlum að bregðast við þessum atriðum á næsta skólaári með því að hafa skipulags og starfsdaga í meiri samfellu, hafa skólann lokaðan lengur í kringum jól og páska. Tíð starfsmannaskipti er atriði sem við viljum eftir fremsta megni koma í veg fyrir og þar skiptir góð nýliðabjálfun mjög miklu máli. Eins er verkefni um styttingu vinnuvikunnar, sem fór af stað hjá okkur í mars einn liður í því að halda í okkar góða fólk. Með verkefninu bjóðum við starfsfólki leikskólans styttri vinnuviku og viljum í staðinn sjá færri veikindadaga og minna skrepp á vinnutíma. Verkefnið hefur farið vel af stað og lofar góðu á næsta skólaári. Varðandi týnd föt ætlum við að fara af stað með vettlingaáskrift í haust sem fer þannig fram að foreldrar borgar skólanum ákveðið vettlingagjald sem notað verður til að kaupa heimaprjónaða, hlýja vettlinga sem börnin nota á skólatíma og svo sér skólinn um að þvo og endurnýja vettlingana. Þannig verða týndir vettlingar úr sögunni og öllum börnum hlýtt á útisvæði.

Gæðainnlit

- Matsaðili á vegum Hjallastefnunnar fór í alla leikskóla Hjallastefnunnar.
- Matið fór fram í apríl 2018.
- Matsaðili notaðist við gátlista.
- Skólastýra fékk senda skýrslu með niðurstöðum.
- Niðurstöður ræddar á starfsmannafundi.
- Jákvætt:
 - Sérlega góður starfsandi, hlátur og gleði.
 - Snyrtilegt og hreint.
 - Mjög fallegir hópatímar og kennarar mjög virkir.
 - Starfsfólk sýnir öryggi og ábyrgð.
 - Virkilega flott starfsfólk.
 - Léttleiki og yfirvegun yfir börnum og kennurum.
 - Mjúkur agi.
 - Börn vita til hvers er ætlast af þeim, mikið traust á milli barna og kennara.
- Úrbætur:
 - Fylgjast betur með leikstofu, hafa opna hurð.
 - Meiri virkni kennara á val tíma.
 - Skýrara upphaf hópatíma.
 - Skerpa á starfsmannafötum við tvo kennara.
 - Fjöldi barna á útisvæði ekki alltaf á hreinu.

Skýring:

Hjallastefnan hefur staðið fyrir því undanfarin ár að senda matsaðila á milli skóla til að meta starfið. Aðili á vegum fyrirtækisins fór í alla skóla til að skoða hvort verið sé að vinna eftir meginreglum og

kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Skólinn kom mjög vel út úr þessu mati og talaði innlitsaðili um hvað henni fannst mjúkur agi í húsinu og andrúmsloftið gott milli starfsfólks og barna. Eins minntist hún á að talað væri fallega við börnin og að börnin vissu til hvers væri ætlast af þeim og að greinilegt traust ríkti milli kennara og barna. Meginreglunum var fylgt eftir og hópátímarnir vandaðir. Innlitsaðili gerði nokkrar athugasendir um það sem betur mætti fara, eins og að kennarar mættu vera meira virkir á valtimá á samt því að hafa hurðar alltaf opnar þar sem börn eru að leik og nokkur fleiri atriði (sjá ofar). Úrbætur voru strax ræddar í starfsmannahópnum og kennararnir hafa lagað það sem betur mátti fara.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í Öskju starfar engin sérkennslustjóri. Það er teymi skólastýru, aðstoðarleikskólastýru og sérkennara sem skoða öll mál saman og skipta með sér verkum.

Á skólaárinu 2017-2018 voru tvö börn með 8 stunda stuðning og eitt barn með 6 stundir. Tveir kennarar sinna atferlisþjálfun barnanna tveggja sem eru með fullan stuðning og sinna hvoru barni hálfan daginn. Þriðja barnið er ekki í atferlisþjálfun en hópstjóri þess barns sér um sérkennslu þess sem felst í félagsþjálfun og samskiptum, barnið fær einnig málörvunarstundir. Þrír kennarar koma að sérkennslumálum skólans og sjá þeir um að útbúa einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörnin. Í atferlisþjálfun er notast við ABLLS-lista og reynslu kennaranna í atferlisíhlutun. Annað barnið notast við PECS tjáningarkerfi. Börnin eru með mismunandi hlutfall af dvalartíma þeirra í einstaklingsþjálfun, þar á meðal matarþjálfun og sjálfshjálp. En einnig fer þjálfun fram í hópum þeirra með einbeitingu á félagsfærni. Fyrir utan það aðstoðum við börnin við að komast í þjálfun utan skóla, eins og iðju- og sjúkraþjálfun.

Við njótum stuðnings Þórhöllu Guðmundsdóttur frá þjónustumiðstöð Miðborgar, Hlíða og Vesturbæjar. Hún kemur í Öskju á 4-6 vikna fresti og er sérkennurum innan handar. Eins eru haldnir teymisfundir með foreldrum á 6 vikna fresti.

Allir kennarar sinna málörvun í hópátímum með sínum hóp, öll börn græða á því. Nokkur börn fengu þó sérstaka málörvun í hópum, bæði börn sem voru mikið á eftir sínum jafnöldrum og eins börn sem voru að læra íslensku frá grunni.

Í Öskju notumst við við Efi-2, Orðaskil, Tras listann og íslenska málhljóðamælinn. Í haust fer starfsmaður frá okkur í Öskju á námskeið í smábarnalistanum og íslenska þroskalistanum og er ætlunin að skima öll börn næsta vetur með smábarnalistanum og Efi 2. Við munum svo nota íslenska þroskalistann fyrir þau börn sem skora lágt á smábarnalistanum. Orðaskil höfum við notað eftir þörfum og munum gera áfram.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Öskju eru bæði börn og kennarar sem tala fjölbreytt tungumál og eru með annað móðurmál en íslensku. Einnig tvítýngd börn og börn jafnvíg á tvö eða jafnvel fleiri tungumál. Við höfum boðið öll börn velkomin í Öskju og lagað okkur að þeim þörfum sem eru til staðar hverju sinni. Í vetur sendum við upplýsingar og tölvupósta á bæði íslensku og ensku til þeirra foreldra sem þurftu.

Hver og einn hópstjóri vinnur ávallt að þörfum barnanna í hópnum og ef barn þarf sérstaka tungumálaörvun þá vinnur hópurinn líka saman að því, öll börn græða jú á því. Nokkur börn voru í sérstakri málörvunar/íslenskustundum. Þau þrjú börn sem voru að taka sín fyrstu skref í íslensku

tungumáli og höfðu annað móðurmál, og eins nokkur börn sem eru tvítyngd. Gerð var einstaklingsnámskrá fyrir hvert og eitt og framfarir skoðaðar og námskráin endurskoðuð. Í þessum stundum var notast við spil, bækur, myndir, sungin lög og námsefnið Lærum og leikum með hljóðin. Stundum voru börnin tekin út úr aðstæðum í meiri einbeitingarvinnu, en oft var kennarinn líka með börnunum í því prógrammi sem þau voru í fyrir með hópnum sínum og ýtti undir tungumálaupplifun barnsins með því að ræða sérstaklega um hvað er að gerast.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tvisvar skólaárið 2017-2018. Á haustönn hitti skólastýra allt starfsfólk og rætt var um spurningalista sem starfsfólk hafði fengið í hendur nokkru áður. Þar var farið yfir starfsþróun, starfsánægju, helstu hindranir og framtíðarsýn svo eitthvað sé nefnt. Seinna viðtal var á vorönn þar sem farið var yfir sama blað og í haustviðtali og farið yfir framfarir og úrbætur. Einnig var næsta skólaár rætt, þegnar ábendingar og farið yfir uppröðun í hús.

Reglulegir starfsmannafundir voru fyrir upphaf hverrar lotu þar sem starfsfólk var búið að lesa valda kafla í handbók Hjallastefnunnar, farið var yfir helstu áherslupætti lotunnar og þeir ræddir. Einnig var lotan á undan gerð upp, hvað gekk vel og hvað mátti betur fara.

Við nýttum skipulagsdaga einnig vel og fengum m.a. fræðslu um skyndihjálp. Starfsfólkið sjálft tók höndum saman og vann í garðinum í Öskju enda höfðu margir bent á það í starfsmannakönnun að þau vildu úrbætur á garðinum. Skipulagsdagar voru einnig nýttir til nýliðafræðslu þar sem reyndir kennarar í Öskjuhópnum tóku fyrir eitt erindi hvert til að fræða reynsluminni kennara. Þau málefni sem voru meðal annars tekin fyrir voru: af hverju að kynjaskipta, hjallískur efniviður og af hverju, hlutverk og ábyrgð hópstjóra og meginregla 1 og 3.

Tveir kennarar fóru á námskeið, sóttu ráðstefnu Þroskahjálpar Íslands og vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöðvar þar sem aðallega var fjallað um einhverfu. Kennarar fóru á námskeið um CAT kassann, réttindanámskeið um Íslenska málhljóðamælinn.

7 Foreldrasamvinna

Kosið er í foreldraráð og foreldrafélag á haustfundi skólans sem haldinn er í byrjum september ár hvert. Stefnt er að því að fá fulltrúa foreldra frá öllum kjörnum. Í vetur voru sömu fulltrúar í foreldrafélagi og foreldraráði en næsta skólaár munum við hafa þetta aðskilið.

Á þessu skólaári skipulagði foreldrafélagið ýmsa viðburði. Skyndihjálparnámskeið var í boði fyrir alla foreldra, jólafondur var haldið í desember og skógarganga í skammdeginu í janúar. Foreldrafélagið bauð nemendum Öskju upp á leikritið um Pétur og úlfinn sem kom í Öskju í mars og svo var haldin skemmtileg sumarhátíð í júní.

Á hverju hausti er haldinn foreldrafundur til þess að kynna Hjallastefnuna og starfið í Öskju og á vorin bjóðum við nýjum foreldrum að koma á kynningarfund áður en barnið hefur skólagöngu sína. Eins hefur foreldrafélagið haldið fund fyrir foreldra og kennara með fræðslu, t.d. var síðasti fundur um skyndihjálp.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Mikil samvinna er á milli Öskju og Barnaskólans í Reykjavík sem stendur á sömu lóð. Í vetur hefur elsti árgangur Öskju verið staðsettur í Barnaskólanum og fær því afar góða aðlögun áður en formleg skólaganga hefst. Langflest barnanna í Öskju hefja sína skólagöngu í Barnaskólanum okkar en einhver börn hafa farið í sína hverfisskóla. Þar sem Askja tilheyrir ekki beint neinu íbúahverfi eru nemendur skólans úr hinum og þessum hverfum Reykjavíkur og sum búa í nærliggjandi sveitarfélögum. Því höfum við einblínt á samstarf við Barnaskólann, en ekki átt í neinu formlegu samstarfi við aðra grunnskóla.

9 Skipulagsdagar.

Askja verður lokuð vegna skipulagsdaga á milli jóla og nýárs og í Dymbilvíku. Fyrir utan það verður skipulagsdagur föstudaginn 5. október þegar Hjallaráðstefnan okkar er haldin. Kennarar munu vinna af sér skipulagsdagana á milli jóla- og nýárs með kvöld/laugardagsfundum en í Dymbilvíkunni 2019 er áætlað að fara í námsferð til New York að kynna okkur leikskóla sem starfa mikið með einingakubba.

10 Fylgigögn

Símenntunaráætlun 2017-2018

Skóladagatal 2018-2019

10.1 Matsgögn

Matslisti gæðainnlits.

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans


Leikskólastjóri

16.07.2018
Dagsetning

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið starfsáætlun Öskju og er hún hér með samþykkt.

Starfsáætlun Leikskólans Öskju árið 2018-2019 lýsir starfsemi leikskólans mjög vel og þeim markmiðum, áherslum og leiðum sem unnið er eftir. Í henni er tekið á þeim þáttum sem snúa að börnunum, foreldrum, starfsfólkinu og starfinu öllu.

Foreldraráð Öskju lýsir einróma stuðningi við starfsáætlunina hún er metnaðarfull og í samræmi við áherslur skólastefnu Hjallastefnunnar. Að mati foreldraráðsins er unnið frábært starf á leikskólanum, góður andi og stöðuleiki er einkennandi fyrir leikskólann. Það virðist faglega staðið að innra og ytra mati leikskólans.

Foreldraráð er afar ánægt með það skref sem hefur verið tekið til að minnka streitu og álag á kennara með að stytta vinnuvikuna til að fækka veikindadögum og minnka starfsmannaveltu. Einnig fagnar foreldraráð nýliðaprógramminu sem vonandi verður til þess að starfsmannavelta minnkar sem og undirbýr nýtt starfsfólk fyrir þá flottu vinnu sem á sér stað á Öskju.

Starfið í Leikskólanum Öskju er til fyrirmyndar og börnin hafa fengið að blómstra þar. Tekið er á málum af festu og á undanförunum árum hefur verið boðið upp á skemmtilega samveru foreldra, barna og starfsmanna reglulega yfir veturinn. Við teljum að þessi áætlun endurspegli það góða starf sem á sér stað í Öskju.

Staður og dagsetning

Reykjavík 12.07.2018

f.h. hönd foreldraráðs

Margrét Grétarsdóttir
Margrét Grétarsdóttir

Halla B. Jósefsdóttir
Halla Björk Jósefsdóttir

Meginreglur Hjallastenfunnar

Börn og foreldrar

- 1.1. ☐ Barni heilsað sérstaklega við komu (með brosi eða öðru látbragði sem vottar gleði starfsmanns að sjá barnið).
- 1.2. ☐ Foreldri heilsað hlýlega (veitt athygli við komu, skipst á nokkrum orðum).
- 1.3. ☐ Eftirlitsaðila tekið vel og glaðlega.
- 1.4. ☐ Starfsfólk talar fallega við börnin á kjarnanum (hlýr og glaðlegur málrómur).
- 1.5. ☐ Börn fá huggun strax ef þau gráta.
- 1.6. ☐ Kennarar gefa börnunum jákvæða snertingu, (s.s. klappa á kollinn, klapp á öxl, faðmlag, leiða barn).
- 1.7. ☐ Óæskileg hegðun barna er stöðvuð strax (ofbeldi, óviðeigandi hávaði, áreitni barna í garð annarra, eyðilegging, truflun, sjálfsmeiðandi hegðun).
- 1.8. ☐ Ögun fer fram með jákvæðum formerkjum (kennari sýnir ekki pirring né reiði nema það eigi rétt á sér og sé til þess fallið að gagnast barninu).
- 1.9. ☐ Kennarar leita eftir augnsambandi við börnin þegar við á (t.d. þegar talað er við þau, við ögun).
- 1.10. ☐ Starfsfólk axlar ábyrgð á hegðun barnanna (t.d. „æ, nú passaði ég þig ekki nógu vel“, „ég skal hjálpa þér að ganga vel“).
- 1.11. ☐ Starfsfólk tekur vel í beiðnir foreldra og kemur þeim í farveg.
- 1.12. ☐ Börn eru kvödd hlýlega við brottför.
- 1.13. ☐ Starfsfólk aðstoðar foreldra í fataklefa við brottför barna (finna týnd föt, svara hvernig barn svaf eða borðaði).

☐

Athugasemd eftirlitsaðila

Meginreglur Hjallastenfnunnar

Starfsfólk, samskipti

- 2.1. ☐ Samstarfsfólki er heilsað.
- 2.2. ☐ Samskipti samstarfsfólks virðast glaðleg (ekkert nöldur, svipur eða tónn).
- 2.3. ☐ Virðing í orðræðu starfsfólks um samstarfsfólk, börn, foreldra og aðra sem um ræðir.
- 2.4. ☐ Starfsfólk er í virkum samskiptum hvert við annað (hefur samráð um vinnuna).
- 2.5. ☐ Gleði er fagmennska (Gleðivekjandi starf einkennir alla skóladaga).
- 2.6. ☐ Aðspurt segir starfsfólk boðleiðir skýrar.
- 2.7. ☐ Aðspurt segir starfsfólk að hreinskiptni og ábyrgð einkenni samskipti innan skólans.
- 2.8. ☐ Aðspurt segir starfsfólk sig gera greinamun á milli heimilis og vinnu.
- 2.9. ☐ Jákvæðni er einkennandi við lausn mála.
- 2.10. ☐ Það er gert gott úr mistökum („gengur betur næst“, „allt í lagi“).
- 2.11. ☐ Kennarar nota jákvæð hrósorð og uppörvandi orðaval (ekki segja ekki).
- 2.12. ☐ Starfsfólk hefur jákvætt viðhorf gagnvart börnunum (t.d. „eruð þið heppin með börn?“).
- 2.13. ☐ Hrós heyrist á kjarnanum (t.d. „gott hjá þér“, „frábært“, „vel gert“, „þetta gengur vel“).
- 2.14. ☐ Aðspurt segist starfsfólk kjarnans taka vel í ábendingar skólastjóra (t.d. „hvernig takið þið því ef skólastjóri kemur með ábendingu til ykkar?“).
- 2.15. ☐ Starfsfólk ber aðspurt foreldrum vel söguna (t.d. „eru þetta almennt góðir foreldrar sem þið hafið?“).

☐

Athugasemd eftirlitsaðila

Við sýnum ábyrgð

(gagnvart öryggi barnanna, líðan samstarfsfólks, eigum skólans)

Sameiginleg velferð okkar er á ábyrgð okkar allra. Þess vegna leggjum við okkur fram um að gæta að heilsu og eigum hvers annars.

- 3.1. ☐ Augljóst er að útikennari veit hversu mörg börn fara á útisvæði.
- 3.2. ☐ Starfsfólk getur strax vísað á sjúkrakassa.
- 3.3. ☐ Starfsfólk getur strax vísað á slökkvitæki.
- 3.4. ☐ Skráð er í bók/kladda hver af börnum kjarnans eru mætt (yfirsýn er um hversu mörg börn eru á ábyrgð kjarnans hvern dag).
- 3.5. ☐ Vel er gengið frá í fataklefa eftir að útivist/útihópatíma er lokið.
- 3.6. ☐ Starfsfólk segist aðspurt hliðra til hvert fyrir annað ef heilsa/líðan krefst þess (t.d. þarf kvefaður kennari ekki að fara út).
- 3.7. ☐ Handþvottur barna er reglulegur liður í kjarnastarfinu (t.d. eftir útivist, fyrir matartíma, eftir salernisferðir/bleyjuskipti).
- 3.8. ☐ Matartímar hafa rólegt og slakt yfirbragð og börnin eru aðallega að matast.
- 3.9. ☐ Hávaði á kjarnanum er oftast undir óþægindamörkum eftirlitsaðila.
- 3.10. ☐ Starfsfólk getur bent á rýmingráætlun skólans.

☐

Huglægt mat eftirlitsaðila:

Hópatímar Hjallastefnunnar

- 4.1. ☐ Hópatímar eru 2 á dag (hvíld fellur undir hópatíma).
- 4.2. ☐ Öll börn fá athygli kennara í hópatíma.
- 4.3. ☐ Hvert barn tilheyrir sama hópi heilt skólaár.
- 4.4. ☐ Sami kennarinn er með sama hópinn í a.m.k. heilt skólaár (ef aðstæður leyfa).
- 4.5. ☐ Hópatímar eru kennarastýrðir (börn læra að fylgja hinum fullorðna).
- 4.6. ☐ Hópur borðar saman flestar máltíðir (sé ekki um fljótandi máltíð að ræða, t.d. morgunverð).
- 4.7. ☐ Kennari tekur virkan þátt í hópatíma (er þjálfari og leiðtogi).
- 4.8. ☐ Kennari og börn vinna saman að frágangi eftir hópatíma.
- 4.9. ☐ Kennari er með hópnum sínum allan hópatímann (hvikar aldrei frá).
- 4.10. ☐ Aðspurðir segja kennarar sig þekkja vel hugmyndafræðina á bak við hópatíma Hjallastefnunnar.
- 4.11. ☐ Máltíðir eru ánægulegar og yfirvegaðar.
- 4.12. ☐ Aðspurðir segja kennarar sig skipuleggja hópatíma með talningablað hópatíma til hliðsjónar (tekur mið af námskrá Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá).
- 4.13. ☐ Aðspurðir segja kennarar sig skipuleggja hópatíma við kynjanámskrá í huga.
- 4.14. ☐ Hópatímar hafa skýrt upphaf og skýran endi.
- 4.15. ☐ Hópatímar eru vel sundurgreindir (hver kennari með sinn hóp).
- 4.16. ☐ Kennarinn virkjar öll börnin til þátttöku í hópatímanum.
- 4.17. ☐ Hópaskipting er skýr (Hver kennari með sinn hóp til að tryggja vináttu og samstöðu).

☐

Athugasemdir eftirlitsaðila

Eftirlitsaðili skoða hópatímaskráningu og hópatímatalningu

Val Hjallastefnunnar

- 5.1. ☐ Leikefni valkróka er samkvæmt starfslýsingum.
- 5.2. ☐ Valfundir eru hraðir og góðir (<8mín og engin leiðindi eða skammir).
- 5.3. ☐ Kennari kjarnans er virkur á val tíma (vakandi, á hreyfingu, gefur sig að börnunum og er tilbúinn að aðstoða þau).
- 5.4. ☐ Börn komast vandræðalaust í valkrók fljótt eftir valfund (ekki of mikið af „hvað valdir þú?“ spurningum).
- 5.5. ☐ Efniviður er heill.
- 5.6. ☐ Börnin geta bjargað sér sjálf með efniviðinn (hæfir aldri þeirra og þroska).
- 5.7. ☐ Frágangur er hluti af val tíma.
- 5.8. ☐ Bæði kennarar og börn taka virkan þátt í frágangi eftir val tíma.
- 5.9. ☐ Skýr munur er á grunn- og ítarefni.
- 5.10. ☐ Hlutamagni er stillt í hóf.
- 5.11. ☐ Valfundir eru hafðir 2x á dag.

☐

Athugasemdir eftirlitsaðila

Eftirlitsaðili skoðar gátlista skólans fyrir val og valfundi



Leikskóladagatal 2018 - 2019

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Sumarfrí	1 L	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F	1 M	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 F Sumarfrí	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F Sumarfrí	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S Samskiptalota	4 Þ	4 F Sparifatadagur	4 M	4 M Bolludagur	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M Foreldrafundur	5 F Hjállasteinnur aðstefna Skipulagsdagur	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M Fridagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Jákvæðnilota	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ Sumarfrí	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M Sumarfrí	8 L Dagur læsis	8 M	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F Sumarfrí	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F Sumarfrí	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S Vináttulota	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hvítasunu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M Sumarfrí	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ Askja opnar eftir sumarleyfi	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmasunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F Góukaffi stúlkna	15 M	15 M Skipulagsdagur	15 L	15 M Sumarfrí
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L Foreldravíðtöl	16 Þ	16 Þ Skipulagsdagur	16 S	16 Þ Sumarfrí
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S Áráðnilota	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 F	17 M Sumarfrí
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F Þorrakaffi drengja Bóndadagur	18 M	18 M	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ	18 F Sumarfrí
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M Jólasingfundur	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F Sumarfrí
20 M	20 F	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S Þáskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í þáskum	22 M	22 L	22 M Sumarfrí
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Sumarfrí
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M Sumarfrí
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M Jóladagur	25 F	25 M	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F Sumarfrí
26 S Agalota	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F Bangs dagur	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F Sumarfrí
27 M	27 F	27 L Foreldravíðtöl Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S Skipulagsdagur	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Sumarfrí
30 F	30 S Sjálfstæðislota	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ	30 F Uppsýningardagur	30 S	30 Þ Sumarfrí
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F		31 M Sumarfrí